

OneDrive er skjalaskápurinn þinn, skýjahýsing þar sem þú getur geymt þínar eigin skrár, þ.e. skjöl og myndefni. OneDrive er fyrst og fremst hannað til einstaklingsnota og allt efni sem þú hýsir þar er aðeins aðgengilegt þér, þ.e. nema þú deilir því með öðrum. OneDrive er kjörið fyrir einfalda skráageymslu og samnýtingu efnis. Hafðu í huga að þegar ég segi skjalaskápurinn þinn þá er það auðvitað þannig að þegar þú vinnur í Menntaskýinu t.d. Þá er ekki ætlað til þess að þú hýsir persónulegar skrár í OneDrive, s.s. myndasafnið þitt heldur einstaklingsbundin vinnugögn.

SharePoint er einnig gagnahýsing, allavega að hluta til. SharePoint er ólíkt OneDrive á þann hátt að það er öðru fremur sameiginlegt geymslurými og vinnusvæði þar sem teymi geta geymt, deilt og haft stjórn á skráum sínum og skjölum. SharePoint er t.a.m. staðurinn þar sem öll gögn sem tilheyra teyimum í Teams eru geymd. Í hvert sinn sem nýtt teymi er stofnað í Teams verður til samsvarandi svæði (e. site) í SharePoint.

SharePoint er samt miklu meira en gagnahýsing. Það er t.a.m. öflugur vettvangur til að búa til og stjórna innra neti. Það getur hýst samskiptasíður og samvinnusvæði og tengst öðrum forritum. Allt þetta gerir SharePoint að afar öflugu verkfæri í höndum þeirra sem kunna með það að fara.

Í stuttu máli, ef þú ert að vinna þína eigin skrá, vistaðu hana á OneDrive. Ef þú ert nú þegar að vinna sem teymi ættirðu að vista skrárnar þínar þar sem teymið þitt vinnur, sem gæti verið SharePoint.